



Áfangalýsing ML

Titill:	Viðskiptafræði og lögfræði
Námsgrein:	Viðskiptafræði og lögfræði
Viðfangsefni:	Viðskiptafræði og lögfræði
Skammstöfun:	VILÖ2VL05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Áfanganum er skipt upp í tvo hluta þar sem nemendur kynnst annars vegar grunninum af lögfræði og svo hins vegar snert á viðskiptafræði. Ekki gefst tími til að kafa djúp í hvora fræðigreinina en lagt er upp úr því að námið sé hagnýtt og áhugavert fyrir nemendur. Nemendur ættu að fá tilfinningu fyrir fræðunum og forsendur til að kynna sér málin nánar, eftir eigin þörfum og áhuga.</p> <p>Fjallað er um aðferðafræði og mikilvæg grundvallarhugtök lögfræðinnar. Nemendur þjálfast í að lesa lög og skilja réttarfar og dómstólaskipan á Íslandi. Stjórnarskráin verður skoðuð og þrískipting ríkisvaldsins. Einnig mun meðferð einkamála útskýrð og grunnreglur einkamálaréttarfarsins. Umfjöllun um meðferð mála hjá stjórnarsýsluáðilum, til dæmis með tilliti til valdheimilda. Rýnt er í nokkur ólík svið lögfræðinnar.</p> <p>Í viðskiptahluta áfangans verður fjallað um rekstrarhagfræði og helstu grunnatriði í reksti fyrirtækja. Farið verður í áætlanagerð, markaðssetningu, fjármál fyrirtækja og lagaumhverfi. Komið verður stuttlega inn á helstu atriði þjóðhagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Við munum líta á þætti hagfræðinnar til að ýta undir fréttalæsi og eflir almennan skilning á þjóðfélagsmálum. Dæmi um hugtök sem er gott að hafa grunnskilning á eru: framleiðsla, fjármagnstekjur, viðskiptaáætlanir, verðbólga, verðmyndun, stýrivextir, verg þjóðarframleiðsla, hagvöxtur, viðskiptajöfnuður og gengi gjaldmiðla.</p>
Forkröfur:	Engar



Þekkingarviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• Nokkrum grunnhugtökum lögfræðinnar eins og réttarheimildir, réttarríki, stjórnarskrá og stjórnarsýslulög• Skiptingu lögfræðinnar í afmörkuð svið. Svo sem mannréttindalög, stjórnskipunar- og stjórnarsýslurétt, Evrópurétt og þjóðarétt, sifjarétt, refsirétt, kröfurétt og samningarétt• Störfum lögfræðinga og dómstóla• Muninum á opinberum málum og einkamálum• Markaðslögmálum (eftirspurn og framboð, samkeppni og einokun, markaðsbrestir), áhrifum opinberra aðila og atvinnuleysi• Félögum og sköttum, félagafrelsi og stofnun félags• Bókhalda (debit og kredit)• Rekstrar- og efnahagsreikningi fyrirtækja og opinberra stofnana• Helstu atriðum aðfarargerða, nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta
Leikniviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Skilja eðli laga og stjórnarskrár sem grundvöll réttarríkis• Útskýra hvaða mörk lögin setja einstaklingum, fyrirtækjum og þjóðríkjum• Lesa lög og finna þau á alþingi.is• Lesa og skilja fréttir um hagkerfið, viðskipti og lögfræðileg málefni• Afla sér upplýsinga um rekstur fyrirtækja og lög• Útskýra hagstærðir eins og verðbólgu, vexti, hagvöxt og fleira• Nota fjármálahugtök
Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Átta sig á mikilvægi lagalegs grundvallar fyrir ýmiss konar gjörningum.• Ræða saman um álitamál sem tengjast lögfræði, hagfræði og rekstri og myndað sér rökstudda skoðun.• Vera læs á samfélagið og helstu stoðir hagkerfisins, réttarkerfisins og fjármála• Taka upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál• Gera sér grein fyrir hvernig hagkerfi starfar og helstu verkefnum sem aðilar hagkerfisins takast á við• Afla sér frekari þekkingar og geta nýtt sér upplýsingatækni og netið á sjálfstæðan hátt við öflun upplýsinga og lausn verkefna• Beita gagnrýninni og skapandi hugsun við lausn verkefna• Þróa sýn sína á réttlátt og skilvirkt samfélag
Námsmat	Útfært í kennsluáætlun.